



Sumarnámskeið Ármanns



Sumarið 2020

Opnað verður fyrir skráningu 28.apríl

Fjölgreinaskólinn

Boðið er upp á tveggja vikna námskeið í útivistarparadís Reykjavíkur í Laugardalnum. Á námskeiðum Fjölgreinaskólans fá börnin að kynna fjölmörgum íþróttagreinum í bland við leiki og vettvangsferðir. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og fara börnin fótgangandi sem víðast. Námskeiðið er fyrir börn fædd 20010-2014 og stendur allan daginn. Starfsfólk hefur breiðan bakgrunn úr ólíkum íþróttagreinum.

Skipulögð dagskrá er frá kl. 9-12, góður matur og frjáls leikur í hádeginu á milli og svo aftur skipulögð dagskrá á milli kl. 13-16. Gæsla er í boði á milli kl. 8-9. Verð fyrir tveggja vikna námskeið er 27.000 krónur og innifalinn er heitur hádegismatur. Veittur er 10% systkinaafsláttur.

Námskeið í boði:

- Námskeið 1, 8. júní - 19. júní (9 daga námskeið)
- Námskeið 2, 22. júní - 3. Júlí (10 daga námskeið)
- Námskeið 3, 6. júlí - 17. Júlí (10 daga námskeið)
- Húsið lokað 22. júlí- 5. ágúst.
- Námskeið 4, 4. ágúst - 7. ágúst (4 daga námskeið)



Verð:

- Námskeiðisgjald allur dagurinn (m.hádegismat) 27.000 kr.
- Námskeið 1. ódýrara og kostar 24.700 krónur og námskeið 4. kostar 10.800 krónur.

Skráning:

- Skráning í Fjölgreinaskólann fer fram á www.armenningar.felog.is





Sumarnámskeið Ármanns



Fimleikaskólinn

Boðið er upp á faglegt eins vikna námskeið þar sem að fléttað er saman fimleikum, leikjum, útiveru og öðrum íþróttum. Frábærar aðstæður eru til að stunda fimleika og aðrar íþróttir í kringum fimleikahús Ármanns í Laugardalnum. Námskeið Fimleikaskólans er þannig byggt upp að alla jafna eru fimleikar á morgnana og svo útivera og aðrar íþróttir eftir hádegi. Farið verður í sund, húsdýragarðinn og ýmsar aðrar vettvangsferðir í nágrenninu. Námskeiðið er í boði fyrir börn fædd 20010-2014 og er val um að vera fyrir hádegi eða heilan dag. Starfsfólk á námskeiðinu eru fimleikaþjálfarar sem vanir eru að starfa með börnum á öllum aldri, auk aðstoðarfólks.

Skipulögð dagskrá er frá kl. 9-12, svo er hádegismatur og frjáls leikur. Eftir matinn er skipulögð dagskrá á milli kl. 13-16. Gæsla er í boði á milli kl. 8-9. Verð fyrir vikunámskeið er 15.500 krónur, allur dagurinn og hádegismatur innifalinn, en 7.500 krónur fyrir námskeið bara fyrir hádegi án hádegismatar. Veittur er 10% systkinaafsláttur af lægra gjaldi.

Námskeið í boði:

- Námskeið 1, 8. Júní - 12. júní
- Námskeið 2, 15. Júní - 19. Júní (4.dagar)
- Námskeið 3, 22. júní - 26. júní
- Námskeið 4, 29. Júní - 3. júlí
- Námskeið 5, 6. júlí - 10. júlí
- Námskeið 6, 13. júlí - 17. júlí
- Húsið er lokað 22.júlí - 5.ágúst
- Námskeið 7, 4. ágúst - 7. Ágúst (4.dagar)
- Námskeið 8, 10. ágúst - 14. ágúst

Verð:

- Námskeiðisgjald allan daginn (m.hádegismat) 15.500 kr
- Námskeiðsgjald fyrir hádegi er 7.500 kr (ekki hádegismatur)
- Námskeið 2 og 7 eru ódýrari, þau eru 4 dagar, allur dagurinn 12.500 kr og fyrir hádegi 6.000 kr



Skráning:

- Skráning í Fjölgreinaskólann fer fram á www.armenningar.felog.is